



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

OSMO STJÓRNAR BEETHOVEN



16. MARS 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Minea: 19'

Píanókoncert: 26'

Sinfónía: 40'



Tónleikarnir eru hluti af opinberri hátíðardagskrá í tilefni 100 ára sjálfstæðisafmælis Finna. Sinfóníuhljómsveit Íslands heiðrar Finna með fernum tónleikum á vormisseri og eru tónleikar kvöldsins aðrir í röðinni.

Yevgeni Sudbin áritar geisladíska sína í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Uppptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

OSMO STJÓRNAR BEETHOVEN

Osmo Vänskä
hljómsveitarstjóri

Yevgeni Sudbin
einleikari

EFNISSKRÁ

Kalevi Aho
Minea (2008)

Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 23 í A-dúr, K. 488 (1786)
Allegro
Adagio
Allegro assai

HLÉ

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 7 í A-dúr, op. 92 (1811–12)
Poco sostenuto – Vivace
Allegretto
Presto – Assai meno presto
Allegro con brio

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



OSMO VÄNSKÄ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Osmo Vänskä er tónlistarstjóri Minnesota-hljómsveitarinnar í Bandaríkjunum og aðalgeststjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann er íslenskum tónlistarunendum að góðu kunnur allt frá því að hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar árin 1993–96. Frá 2011 hefur hann komið árlega til þess að stjórna hljómsveitinni og auk þess stjórnaði hann Fílharmóníuhljómsveit Lundúna í Eldborg þegar hljómsveitin sótti Ísland heim árið 2014.

Vänskä er klarínettuleikari og starfaði áður sem slíkur við fílharmóníuhljómsveitirnar í Turku og Helsinki. Hann lærði hljómsveitarstjórn í Sibeliusar-akademíunni í Helsinki og hlaut 1. verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Í framhaldi af því vann hann sér sess sem afburða hljómsveitarstjóri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, þar sem hann var aðalstjórnandi í tvo áratugi, og skosku BBC-hljómsveitinni.

Vänskä hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með Minnesota-hljómsveitinni en það hófst árið 2003. Hljómsveitin hljóðritaði meðal annars allar sinfóníur Beethovens undir hans stjórn og sagði gagnrýnandi *New York Times* um þann flutning að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“. Þá hafa Vänskä og Minnesota-hljómsveitin einnig hljóðritað allar sinfóníur Sibeliusar á þremur diskum og hrepptu Grammy-verðlaunin fyrir einn þeirra. Þessar hljóðritanir koma allar út á vegum sænska forlagsins BIS en það hefur einnig gefið út tvo diska með verkum eftir Jón Leifs í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Vänskä. Á þessu starfsári mun hann stjórna Minnesota-hljómsveitinni í hljóðritunum á 2. og 6. sinfóníu Mahlers en vinna að heildarútgáfu á sinfóníum tónskáldsins hófst í sumar með upptökum á 5. sinfóníunni.

Osmo Vänskä er reglulegur gestur fremstu hljómsveita austan hafs og vestan. Má þar nefna fílharmóníuhljómsveitirnar í New York og Los Angeles, Cleveland- og Fíladelfíu-hljómsveitirnar, sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og San Francisco, Berlínarfílharmóníuna, helstu hljómsveitir Lundúnaborgar, Fílharmóníuhljómsveit Vína borgar, Konunglegu Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam og Gewandhaus-hljómsveitina í Leipzig.



YEVGENI SUDBIN

EINLEIKARI

Yevgeni Sudbin fæddist í Leníngrád (nú Sankti Pétursborg) árið 1980 og hóf tónlistarnám fimm ára gamall. Árið 1990 fluttist hann með fjölskyldu sinni til Þýskalands og hélt áfram tónlistarnámi við Hanns Eisler-tónlistarskólann í Berlín en færði sig síðan til Lundúna þar sem hann nam við Purcell School og síðar Royal Academy of Music.

Sudbin hefur komið fram í mörgum helstu tónleikasölum heims og leikið undir stjórn virtra hljómsveitarstjóra, svo sem Neemes Järvi, Charles Dutoit, Vladimirs Ashkenazy, Hannus Lintu, Andrews Litton og Osmos Vänskä. Hann lék alla píanókonserta Beethovens undir stjórn þess síðastnefnda með Minnesota-hljómsveitinni í janúar í fyrra en af öðrum nýlegum verkefnum má nefna að í haust lék hann píanókonsert Tsjaikovskís með Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar í hinu nýja tónlistarhúsi Elbphilharmonie í Hamborg. Framundan eru tónleikar í Berlín, Mílanó og í Wigmore Hall í Lundúnum. Auk þess að koma fram sem einleikari leikur Sudbin gjarnan kammermúsík og meðal samstarfsfólks hans á því sviði eru Alexander Chaushian, Ilya Gringolts, Hilary Hahn, Julia Fischer og Chilingirian-strengjakvartettinn.

Sudbin er rómaður fyrir túlkun sína á píanóverkum Skrjabíns og hafa hljóðritanir hans á þeim m.a. hlotið viðurkenningu tónlistartímaritsins *Gramophone* en ritstjóri þess lét svo um mælt að enginn píanóleikari hefði komið ólgu Skrjabíns jafn vel til skila og Sudbin. Þá hefur nýlegur diskur hans með sönötum eftir Domenico Scarlatti fengið afar góðar viðtökur. Hljóðritanir Sudbins koma út á vegum BIS-útgáfunnar.



KALEVI AHO

MINEA

Kalevi Aho (f. 1949) er eitt fremsta tónskáld Finna af sinni kynslóð. Hann er afar afkastamikill og ef til vill þekktastur fyrir verk sín í stóru formi; hann hefur meðal annars samið 16 sinfóníur, á þriðja tug konserta og fimm óperur. Honum hefur verið lýst sem arftaka Mahlers og Sjostakovítsj á sinfóníusviðinu en höfundarverk hans rúmar þó umfram allt mikla fjölbreytni.

Aho stundaði tónsmíðanám hjá Einojuhani Rautavaara við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og lauk prófi þaðan árið 1971. Eftir það lá leið hans til Vestur-Berlínar, þar sem hann nam um eins árs skeið hjá Boris Blacher, en hann sneri svo aftur til Finnlands þar sem hann býr og starfar. Sinfóníuhljómsveitin í Lahti útnefndi Aho staðartónskáld sitt árið 1992 og hann hefur síðan skrifað flest sinfónísk verk sín fyrir þá hljómsveit. Osmo Vänskä var lengi aðalstjórnandi hennar (nú heiðursstjórnandi) og hefur hljóðritað mörg verka Ahos með hljómsveitinni, meðal annars allar sinfóníurnar. Þessi samvinna tónskálds og stjórnanda hefur haldist eftir að Vänskä fluttist yfir Atlantshafið og hóf að stjórna Minnesota-hljómsveitinni, því tónverkið *Minea* var samið að beiðni þeirrar hljómsveitar og vísar heitid til þess. Undirtitillinn er *Concertante-tónlist fyrir hljómsveit* og lýsir það verkinu vel, því að hér er á ferð tónverk þar sem ýmis hljómsveitarhljóðfæri skiptast á um að vera í aðalhlutverki og hljóðfæraleikararnir fá þar með tækifæri til að láta ljós sitt skína. Það er samið fyrir stóra hljómsveit með fjölda blásara og umfangsmiklu slagverki. Í upphafi eru blásararnir mest áberandi: tréblásturshljóðfærin fara með laglínur sem stundum taka á sig austrænan blæ á meðan hluti málmlásaranna framkallar eins konar hvin með því að blása hljóðlaust í hljóðfærin. Smám saman byggist verkið upp, fleiri hljóðfæri bæstast í vefnaðinn og slagverksdeildin kyndir duglega undir, allt fram að kraftmiklum endalokum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt tvö verk eftir Kalevi Aho. Fiðlukonsert nr. 1 hljómaði á Norrænum músíkdögum í Reykjavík í september 1986 í flutningi Manfreds Gresbäck og hljómsveitarinnar undir stjórn Páls P. Pálssonar. Í september 2005 flutti svo Sharon Bezaly rómaðan flautukonsert Ahos ásamt hljómsveitinni undir stjórn Anne Manson. Til stóð að Martin Fröst léki klarínnettukonsert Ahos með Sí í apríl 2010 en eldgosíð í Eyjafjallajökli kom í veg fyrir að hann kæmist til landsins svo ekkert varð af flutningnum. Þá má nefna að Cluster Ensemble frá Finnlandi flutti kvartett fyrir flautu, saxófón, gítar og slagverk eftir Aho í Norræna húsinu í mars 1982 og Martial Nardeau lék *Solo III* fyrir einleiksflautu á Myrkum músíkdögum 2001.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

PIANÓKONSERT NR. 23 Í A-DÚR, K. 488

Síðla vetrar 1786 var mikið um að vera hjá Wolfgang Amadeusi Mozart. Þar bar hæst vinnuna við óperuna *Brúðkaup Figarós*, sem frumsýnd var í maí þetta ár, en tónskáldið hafði mörg önnur járn í eldinum. Meðal annars lauk hann við tvo píanókonserta í marsmánuði. Þeir voru báðir samdir fyrir áskriftartónleika í Vínarborg en á árunum 1784–86 skrifaði Mozart alls tólf píanókonserta fyrir slík tilefni. Mozart var því enginn nýgræðingur í konsertasmíð þegar þarna var komið sögu. Konsertarnir frá vorinu 1786 eru númer 23 og 24 af þeim sem hann samdi fyrir hljómborðið en auk þess átti hann að baki fimm fiðlukonserta, fagottkonsert, óbókonsert og konsert fyrir trompet (sem ekki hefur varðveist). Flest þessara verka urðu til eftir að Mozart fluttist til Vínarborgar og hafði ofan af fyrir sér og fjölskyldu sinni með margvíslegum tónlistarstörfum, m.a. kennslu og tónleikahaldi. Sumir konsertanna voru samdir fyrir hæfileikaríka nemendur en aðra frumflutti Mozart sjálfur á tónleikum og á það að líkindum við um A-dúr konsertinn. Það var endá ekki á allra færi að leika þessar tónsmíðar því að síðari konsertar Mozarts gera miklar kröfur til flytjandans, bæði tæknilega og músíkalskt.

A-dúr konsertinn er góður fulltrúi þeirra þroskuðu tónsmíða sem komu frá hendi Mozarts síðustu æviár hans. Á honum er heilmikill kammermúsíkbragur: í stað fremur einsletrar tvískiptingar milli einleikskafla annars vegar, þar sem sólistinn fer á kostum með einföldum hljómsveitarundirleik, og hljómsveitarkafla hins vegar, þar sem hljómborðið hverfur inn í hljómsveitina, leggur Mozart meira upp úr samspili píanósins við hljómsveitina eða hljóðfærahópa. Hann notar hvorki óbó né trompeta í verkinu en gerir á hinn bóginn klarínettunum hátt undir höfði. Upphafspátturinn er í hefðbundnu sönötuformi með kynningu meginstefja, úrvinnslukafla og síðan einleikskadensu áður en kemur að ítrekun. Yfirleitt var flytjandanum látið eftir að spinna kadensuna eftir vissum reglum en í þessu tilviki skrifaði Mozart hana út og hún hljómar því hér í kvöld eins og ætla má að hún hafi gert við frumflutninginn í Vínarborg. Hinn fagri annar páttur er um sumt óvenjulegur í höfundarverki Mozarts. Yfirskriftin er *Adagio* en ekki *Andante*, eins og í öðrum konsertum hans, og tóntegundin fíis-moll sem hann notaði sjaldan. Kaflinn hefur því tregafullt yfirbragð þrátt fyrir bjart millispil flautu og klarínets í A-dúr. Lokapátturinn er aftur á móti hressilegt rondó með tíðum og stundum óvæntum tóntegundaskiptum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanókonsert Mozarts í A-dúr hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi í meðförum Annie Leifs og Filharmóníuhljómsveitar Hamborgar á tónleikum í Iðnó í júní 1926. Jón Leifs stjórnaði flutningnum. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið fyrst árið 1951 og lék Jórunn Viðar þá einleikshlutverkið. Næst lék Jón Nordal konsertinn árið 1963, og Vladimir Ashkenazy árið 1973. Konsertinn hefur alls verið átta sinnum áður á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síðast haustið 2015 þegar Bandaríkjamadurinn Robert Levin sat við flygilinn. Verkið hljómaði einnig á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna árið 1996 og þá lék Þórarinn Stefánsson einleik.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 7 Í A-DÚR, OP. 92

Beethoven samdi sjöundu sífóníu sína í Vínarborg veturinn 1811–12 en sumarið á undan dvaldist hann að læknisráði við heilsulindirnar í bænum Teplitz í Bæheimi. Dvölin virðist hafa gert honum gott því hann afkastaði miklu þennan vetur. Ytri aðstæður voru Beethoven líka hagfelldar því árið 1809 hafði loks tekist að koma því svo fyrir að þrír aðalsmenn tryggðu honum í sameiningu fóst árslaun og hann var því laus við áhyggjur af afkomu sinni. En það er líka hugsanlegt að vinnugleðin sem gat af sér sjöundu sífóníuna hafi um sumt verið innblásin af heitum tilfinningum til konu sem sagan hefur sveipað dulúð. Svo mikið er víst að sumarið 1812 fór Beethoven aftur til Bæheims að leita sér heilsubótar og þann 6. júlí hóf hann að rita bréf sem síðar fannst meðal pappíra hans að honum látnum. Nafn viðtakandans kemur þar ekki fram – Beethoven kallar hana ævarandi ástmey sína („meine unsterbliche Geliebte“) – og margir hafa reynt að ráða í gátuna. Hver hún var má kannski einu gilda, en Beethoven lýsir í bréfinu því róti tilfinninga sem samband þeirra hefur valdið honum, hann segist í senn fyllast hinni mestu hamingju og óhamingju.

Hvað sem fullyrða má um áhrif sálarástands tónskálda á tónsmíðar þeirra verður því ekki neitað að sjöundu sífónía Beethovens spannar breitt litróf; þar er rúm fyrir gleði, dans, drauma, íhugun, depurð — og hún hefur lengi verið með ástsælustu verkum tónskáldsins. Upphafspátturinn hefst á löngum inngangi sem gefur fyrirheit um það sem koma skal, ekki síst áleitinn rytma. Hreyfingunni er haldið gangandi með sextándaparts nótnagildum sem ýmist eru endurtekin á sama tóni, t.d. í blásturshljóðfærunum, eða mynda tónstigaklifulur neðan frá og upp eins og áberandi er í strengjunum. Inngangurinn leiðir svo yfir í fjórlegt *vivace* og þátturinn rennur sitt skeið inn í glæstan lokahnykk (*coda*). Annar þáttur byggist á einföldu taktmynstri þar sem fjórðapartsnótur og áttundapartsnótur skiptast á og mynda reglulega hrynjandi sem aldrei verður þó einhæf, því stöðugt bætast ný hljóðfæri í rytmaveitina auk þess sem Beethoven teflir fram nýjum stefjum til móts við grunnstefið. Þriðji þáttur myndar síðan andstæðu við þessa taktföstu reglu því þar skoppar *scherzo* á harðakani á móti hægferðugum tríó-kafla. Tónstigahlaupin minna okkur þó á upphafspáttinn og sífónían endar á kraftmiklum fjórða þætti sem gefur upphafinu ekkert eftir — og aftur fáum við stórkostlegan lokahnykk.

Svanhildur Óskarsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjöunda sífónía Beethovens heyrðist fyrst á Íslandi árið 1926, eins og píanókonsert Mozarts, í flutningi Filharmóníuhljómsveitar Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs. Sífóníuhljómsveit Íslands flutti hana í fyrsta sinn í október árið 1951 er norsk hljómsveitarstjórinn Olav Kjelland hélt um tónsprotann. Sífónían hefur síðan verið mörgum sinnum á efnissskrá hljómsveitarinnar. Nefna má að Daniel Barenboim stjórnaði flutningi hennar á Listahátíð 1970 og í Eldborg hefur hún hljómað tvisvar sinnum áður í heild sinni: undir stjórn Hannu Lintu árið 2012 og Andrews Litton 2014. Osmo Vänskä hefur einu sinni áður stjórnað sífóníunni á tónleikum Sí, í október 1993.

Á DÖFINNI

FOS 17 MAR 18:00



FÖSTUDAGSRÖÐIN

Sinfóníuhljómsveitin fagnar því að árið 2017 er öldliðin frá því að Finnland öðlaðist sjálfstæði. Á efnisskrá Föstudagsraðarinnar verða tvö finnsk verk undir stjórn Osmos Vänskä: *Sept papillons* eða *Sjö fiðrildi* sem Kaija Saariaho samdi árið 2000 og sífónía nr. 2 eftir Sibelius sem er ein hans glæsilegasta tónsmíð. Einleikari í verki Saariaho er Sæunn Þorsteinsdóttir sem hefur fengið frábæra dóma fyrir innlifaðan sellóleik sinn og hefur leikið kammertónlist m.a. með Itzhak Perlman og Mitsuko Uchida.

FIN 23 MAR 19:30



POSCHNER STJÓRNAR BRUCKNER

Sinfónían nr. 8 er jafnan talin með bestu sífóníum Bruckners. „Þessi sífónía er krúnudjásn tónlistarinnar á vorum dögum“ sagði einn hugfanginn hlustandi og tónjöfrarnir Hugo Wolf og Johann Strauss voru á sama máli. Sífóniur Bruckners hljóma sjaldan hér á landi og sú áttunda hefur ekki heyrst í rúman áratug. Það er því fagnaðarefni að flutningur hennar nú verði í örugum höndum Markusar Poschners, sem hefur stjórnað Sífóníuhljómsveit Íslands margoft frá árinu 2009. Það er samdóma álit manna að SÍ leiki sjaldan betur en undir hans stjórn.

FIN 30 MAR 19:30



ENIGMA-TILBRIGÐIN

Kanadíski fiðluleikarinn James Ehnes vakti verðskuldaða Kathygli íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sífóníuhljómsveitinni í Toronto í Hörpu haustið 2014. Þessi fiðlusnillingur hefur hlotið bæði Grammy- og Gramophone-verðlaun, auk þess sem gagnrýnendur um allan heim hafa ausið hann lofi. Ehnes mun leika hinn ljóðræna og síðrómantíska konsert bandaríska tónskáldsins Samuels Barber, sem kunnastur er fyrir tónsmíð sína *Adagio fyrir strengi*. *Enigma-tilbrigði* Elgars eru magnþrungið hljómsveitarverk. Eitt tilbrigðanna, Nimrod, hefur notið sérstakrar hylli og margir muna eftir því úr leikritinu *Abel Snorko býr einn*, sem sýnt var við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

16. MARS 2017

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Gerður Gunnarsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Jeff Moore
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pétur Björnsson
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Vera Panitch
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Laufey Jensdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Pascal La Rosa
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þóra Margrét Sveinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Stefanía Ólafsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir
Guðrún Másdóttir
Össur Ingi Jónsson

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Baldvin Ingvar Tryggvason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Eugenie Ricard
Darri Mikaelsson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin
Sturlaugur Jón Björnsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elisabet Waage

PIANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Sigurður Kristinsson *píanóstíllari*

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjærmálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is